

Skýrsla stjórnar

2025 - 2026

Foreldrafélag Jötunheima kt 590209 2440

https://www.facebook.com/groups/220380108058248

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar **2**
Verkefni og viðburðir 2
Gjafir til barnanna 2
Fastir liðir 3
Sýningar 3
Myndataka 3
Annað 3
Stjórn, nefndir og ráð 2025/2026 4
Ársreikningur **5**

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Foreldrafélags Jötunheima var haldinn í sal leikskólanns við Norðurhóla síðdegis þann 10.september 2025. Mætt voru stjórn og átta foreldrar.

Á fundinum var kosin nánast ný stjórn. Ingibjörg Markúsdóttir formaður, Steinar Aron Magnússon gjaldkeri, Arnbjörg Bára Frímansdóttir ritari og Hildur Ýr Tryggvadóttir hélt áfram stjórnarsetu sem varaformaður.

Á aðalfundinum voru samþykktar hækkun árgjalds úr 2.500 kr í 2.750 kr.

Verkefni og viðburðir

Helstu verkefni og viðburðir foreldrafélagsins voru eftirfarandi:

Gjafir til barnanna

Þann 20.nóvember kom samfélagaslögreglan í heimsókn ásamt Lúlla Löggubangsa á leikskólann. Þeir hjálpaðuðu okkur að afhenda börnunum endurskinsmerki sem foreldrafélagið fékk að gjöf frá tryggingafélaginu Sjóvá. Foreldrafélagið gaf útskriftarbörnum handklæði með ísaumuðu nafni hvers barns líkt og fyrri ár.

Fastir liðir

Líkt og fyrri ár stóð foreldrafélagið fyrir vasaljósagöngu í byrjun aðventu (4.desember) þar sem foreldrar og börn hittast eftir leikskóla við Gesthúsaskóg, gengu þar um og sundu jólalög. Hittum við þar fyrir tvo jólasveina sem sundu með okkur og gáfu börnunum epli. Þá stóð foreldrafélagið fyrir páskaungaleit á lóð leikskólans rétt fyrir dymbilvikuna (25.mars). Þar gátu börnin fundið lítinn páskaunga á klemmu á lóð skólans ásamt þrauta og litablaði í hólfi hvers og eins.

Sýningar

Foreldrafélagið skapaði vettvang fyrir börn og fjölskyldur þeirra að sjá barnaleikritið Skilaboðaskjóðuna sem sýnd var hjá Leikfélagi Selfoss með þeim hætti að taka frá sæti og njóta hópafsláttar. Á sumarhátíð leikskólans (11.júní) fékk foreldrafélagið Íþróttaálfinn og Sollu stirðu í heimsókn

Myndataka

Hefð hefur skapast fyrir því að foreldrafélagið skipuleggi og aðstoði við myndatöku sem boðið hefur verið upp á annað hvert skólaár. Myndatakan var síðast skólaárið 2024-2025 og var því ekki í ár. Myndatakan er áætluð aftur skólaárið 2026-2027.

Annað

Leikskólanum voru færðir í sumar sjö körfuboltar og sjö fótboltar. Einnig hafði leikskólinn óskað eftir nýju körfuboltaspjaldi. Það er áætlað í október til þeirra en hefur verið lengi uppselt.

Einnig hefur foreldrafélagið áhuga á að kaupa berjarunna til gróðursetningar á lóð skólans. Eftir samræður við leikskólastjóra og garðyrkjustjóra sveitarfélagsins var ákveðið að gera það að hausti ´27 þegar leikskólinn hefur fengið afhent nýju lóðina eftir stækkun leikskólans.

formaður

Stjórn, nefndir og ráð 2025/2026

Stjórn foreldrafélagsins:

Formaður	Ingibjörg Markúsdóttir
Varaformaður	Hildur Ýr Tryggvadóttir
Gjaldkeri	Steinar Aron Magnússon
Ritari	Arnbjörg Bara Frímannsdóttir

Ársreikningur

Foreldrafélag Jötunheima
kt. 590209-2440
Norðurhólum 3, 800 selfoss
2025-2026

Rekstrarreikningur			
		Gjöld	**Tekjur**
Félagsgjöld			524,537
Vextir á reikningi			199
Greiddir reikningar*		337,015	
Innheimtuþjónusta		72,735	
Fjármagnstekjuskattur		44	
Skatturinn - kostnaður vegna breytingar á stjórn		2,200	
Rekstrarafgangur		115,850 kr	
	kr.	527,844	524,736

Efnahagsreikningur			
		Eignir	**Skuldir**
Innistæða á reikningi		115,850	
Hagnaður ársins			
Rekstrarafgangur fyrri ára			
	kr.	115,850	0

Sundurliðanir		
Liðir		**Fjárhæð**
Epli f. vasaljósaferð		8,250
Handklæði fyrir útskriftarbörn og merking		137,028
Páskaegg fyrir páskaeggjaleit		27,761
boltar		49,728
Sýning á sumarhátíð - Latibær		75,248
**Samtals greiddir reikningar*	kr.	298,015